

Gæðaráð



Verkmenntaskólinn á Akureyri

Hlutverk gæðaráðs Verkmenntaskólans á Akureyri er að fylgja eftir gæðastefnu skólans.

Gæðaráð er skipað skólameistara, aðstoðarskólameistara, áfangastjóra, sviðsstjóra eða öðrum fulltrúa stjórnendafundar og gæðastjóra.

Gæðaráð fundar vikulega samkvæmt boðaðri dagskrá og eru því gæðamálefni í stöðugri umfjöllun innan Verkmenntaskólans á Akureyri.

Í framhaldi gæðaráðsfunda eru verkefni færð á verkefnalista stjórnenda og því tryggt að eftirfylgni sé með framkvæmd. Úrbætur, forvarnir og aðrir þættir gæðamála sem koma upp á fundum gæðaráðs eru því í stöðugri umfjöllun og virk eftirfylgni með framkvæmd.

Með ofangreindum hætti tvinnar Verkmenntaskólinn á Akureyri daglegan rekstur og gæðamál saman í einn heildstæðan rekstur.